



ÁRSREIKNINGUR 2016

Lífeyrissjóður Rangæinga



Lífeyrissjóður
Rangæinga

Ársreikningur 2016

Lífeyrissjóður Rangæinga
Suðurlandsvegi 3
850 Hella

Kennitala: 660472-0299

EFNISYFIRLIT

Áritun óháðs endurskoðanda.....	2
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Yfirlit um sjóðstreymi.....	7
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	8
Skýringar.....	9
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	26
Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Rangæinga 2017 - Útdráttur.....	28
Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóð Rangæinga 2016.....	29

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Rangæinga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Rangæinga fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, sjóðstreymi og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Lífeyrissjóði Rangæinga í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innfela skýrslu stjórnar, fjárfestingarstefnu og stjórnarháttayfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innfela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Lífeyrissjóður Rangæinga. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur fallið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogi, 28. apríl 2017

Deloitte ehf.



Pálína Árnadóttir

Löggiltur endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Meginstarfsemi sjóðsins

Lífeyrissjóður Rangæinga starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem Landsbankinn hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum og tekur mið af fjölda sjóðfélaga sem þarf að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum. Fjöldi sjóðfélaga hjá sjóðnum hefur um nokkurra ára skeið verið hærri en lágmarkið, stjórn hefur þó metið það svo að rétt sé að viðhalda aðild að samkomulaginu.

Starfsemin á árinu

Alls greiddu að meðaltali 937 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls um 524,5 milljónum kr. og hækkuðu um 17,4% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 253,6 milljónum kr. og hækkuðu um 7,8% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 633 að meðaltali á árinu og í árslok 2016 áttu 10.153 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknarir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 5,3 milljónum kr. á árinu 2016.

Raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins var 0,07% á árinu samanborið við 8,76% raunávöxtun 2015 og miðað við samræmda matsaðferð. Eignir sjóðsins í erlendri mynt hafa aukist nokkuð á árinu eru nú 8,34% af heildareignum sjóðsins, voru 6,76% á árinu 2015. Sjóðurinn hefur nýtt allar þær heimildir sem Seðlabanki Íslands hefur veitt til kaupa á erlendum gjaldeyri. Gjalddeyrishöftum hefur nú verið aflétt og hefur stjórn markað þá stefnu að auka vægi erlendra eigna í sínu eignasafni.

Eignasafn sjóðsins stendur traustum fótum. Verðbræfaeign sjóðsins er að mestu í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, í dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa og í innlánum.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Hrein eign

Hrein eign sjóðsins nam í árslok 2016 10.111,4 milljónum kr. og hefur hækkað á árinu úr 9.629,3 milljónum kr. eða um 482,1 milljónir kr.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Lífeyrissjóður Rangæinga hefur gert samning við Arion banka og tók hann við umsjón og eignastýringu sjóðsins í árslok 2012. Árið 2016 er fjórða heila starfsárið í rekstri sjóðsins undir þessum formerkjum. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka. Arion banki leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.


Fjármálaeftirlitið setti í mars 2015 nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Lífeyrissjóður Rangæinga nýtti sér heimild 52. greinar sömu reglna til að fresta upptöku þeirra til ársins 2016. Við gerð ársreikningsins nú er byggt á nýjum reglum Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Í ársreikningi þessum er miðað við þá meginreglu að eignir sjóðsins skuli metnar á gangvirkni og eru samanburðartölur frá fyrra ári lagfærðar til samræmis, sjá nánari upplýsingar um matsaðferðir og samanburð í skýringarkafli ársreikningsins. Framsetning upplýsinga í ársreikningnum breytast nokkuð og er aukin til samræmis við breyttar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Úttekt hefur verið gerð á stjórnarháttum sjóðsins og naut stjórn aðstoðar Deloitte við verkið. Stjórn hefur útbúið stjórnarháttayfirlýsingu fyrir árið 2016 sem er birt hér aftar í ársreikningnum en henni er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og uppfylla kröfur í reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Hellu, 28. apríl 2017

Í stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga


Eydis P. Indriáadóttir, stjórnarformaður


Heimir Hafsteinsson


Oskar Pálsson


Guðrún Elín Pálsdóttir

Framkvæmdastjóri

Pröstur Sigurðsson

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2016

	Skýr.	2016	2015
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		160.747	138.401
Iðgjöld launagreiðenda		342.093	287.466
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(2.842)	(1.297)
		<u>499.998</u>	<u>424.570</u>
Sérstök aukaframlög		24.468	22.096
		<u>524.466</u>	<u>446.666</u>
Lífeyrir			
	1.6;3		
Heildarfjárhæð lífeyris	3.1	244.015	227.607
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	3.2	4.199	4.279
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	3.3	1.291	1.356
Tryggingakostnaður	3.4	4.071	1.892
		<u>253.576</u>	<u>235.134</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
	1.7;4		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	4.1-2	(63.121)	427.778
Hreinar tekjur af skuldabréfum	4.3-4	283.733	520.447
Hreinar tekjur af afleiðusamningum		2.040	4.755
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		9.371	8.235
Aðrar fjárfestingartekjur:			
Vaxtatekjur af handbæru fé		30.670	30.671
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		2.773	3.018
Ýmsar fjárfestingartekjur		6.020	7.312
Fjárfestingargjöld	4.5-7	(33.850)	(31.297)
		<u>237.636</u>	<u>970.919</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.8;5	26.409	25.741
		<u>26.409</u>	<u>25.741</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		482.117	1.156.710
Hrein eign frá fyrra ári		<u>9.629.272</u>	<u>8.472.563</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>10.111.389</u>	<u>9.629.273</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Fjárfestingar	1.9;6		
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	6.1	3.086.391	2.707.644
Skuldabréf	6.2	6.288.408	5.812.124
Afleiðusamningar		0	30.068
Bundnar bankainnstæður		255.411	236.854
		<u>9.630.210</u>	<u>8.786.690</u>
Kröfur	1.10;7		
Kröfur á launagreiðendur		60.993	49.884
Aðrar kröfur	7.1	7.219	6.928
		<u>68.212</u>	<u>56.812</u>
Ýmsar eignir	1.11;8		
Varanlegir rekstrarfjármunir	8.1	257	317
		<u>257</u>	<u>317</u>
Handbært fé			
Handbært fé	1.12	450.081	806.585
Eignir samtals		<u>10.148.760</u>	<u>9.650.404</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir	1.13		
Áfallinn kostnaður og fyrirframminnheimtar tekjur		27.957	20.922
Aðrar skuldir		9.414	209
		<u>37.371</u>	<u>21.131</u>
Skuldir samtals		<u>37.371</u>	<u>21.131</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>10.111.389</u>	<u>9.629.273</u>
Skuldbindingar utan efnahags	9.5		

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2016

	Skýr.	2016	2015
Inngreiðslur			
Löggjöld	2	524.990	451.126
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		32.076	29.522
Aðrar inngreiðslur		19.401	18.276
		<u>576.467</u>	<u>498.924</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir	3	249.351	230.032
Rekstrarkostnaður	5	26.258	24.950
Aðrar útgreiðslur		38.448	31.992
		<u>314.057</u>	<u>286.974</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		<u>262.410</u>	<u>211.950</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		23.182	18.502
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(1.074.206)	(507.630)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		609.155	460.279
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		470.791	444.526
Keypt skuldabréf		(1.548.904)	(709.131)
Seld skuldabréf		921.027	221.502
Ný bundin innlán		(18.555)	(9.642)
		<u>(617.510)</u>	<u>(81.594)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(355.100)	130.356
Gengismunur af handbæru fé		(1.404)	1.154
Handbært fé í upphafi árs		<u>806.585</u>	<u>675.076</u>
Handbært fé í lok árs		<u>450.081</u>	<u>806.585</u>

YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARDEILDAR 31. DESEMBER 2016

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

	Skýr		
	31.12.2016		
9.1	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	10.111.389	0	10.111.389
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	(252.944)	0	(252.944)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	(20.933)	0	(20.933)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar	(708.247)	0	(708.247)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(237.967)	(409.559)	(647.526)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	8.536.318	8.536.318
Eignir samtals	8.891.298	8.126.759	17.018.057
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	7.993.717	6.093.657	14.087.374
Örorkulífeyrir	1.175.711	1.569.587	2.745.298
Makalífeyrir	479.860	302.454	782.314
Barnalífeyrir	11.698	125.261	136.959
Skuldbindingar samtals	9.660.986	8.090.959	17.751.945
Eignir umfram skuldbindingar	(769.688)	35.800	(733.888)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	(8,0%)	0,4%	(4,1%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	(3,8%)	0,8%	(1,8%)

	31.12.2015		
	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	9.629.273	0	9.629.273
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	(250.097)	0	(250.097)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	(52.876)	0	(52.876)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar	(680.100)	0	(680.100)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(215.500)	(340.900)	(556.400)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	7.127.900	7.127.900
Eignir samtals	8.430.700	6.787.000	15.217.700
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	7.196.700	4.976.800	12.173.500
Örorkulífeyrir	1.062.100	1.365.400	2.427.500
Makalífeyrir	496.600	270.900	767.500
Barnalífeyrir	8.600	122.500	131.100
Skuldbindingar samtals	8.764.000	6.735.600	15.499.600
Eignir umfram skuldbindingar	(333.300)	51.400	(281.900)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	(3,8%)	0,8%	(1,8%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	(8,0%)	(8,5%)	(8,2%)

SKÝRINGAR

1. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem eru nokkuð breyttar frá síðasta ári, til samræmis við nýjar reglur FME um ársreikninga lífeyrissjóða sem komu til framkvæmda við gerð ársreikninga lífeyrissjóða fyrir árið 2015, en lífeyrissjóður Rangæinga nýtti sér heimild 52. gr. sömu reglna til að fresta upptöku þeirra til ársins 2016.

1.2 Breyting á reikningsskilaaðferðum

Við gerð ársreikningsins nú er byggt á nýjum reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í þessum nýju reglum er meginreglan sú að eignir skuli metnar á gangvirði. Á þessari reglu er byggt í ársreikningi þessum og eru samanburðartölur frá fyrra ári lagfærðar til samræmis. Þetta hefur þau áhrif að við breytingar á mati á skuldabréfaeign sjóðsins mv. árslok 2015 hækkar virði téðra eigna um 295,4 milljónir króna. Sama hækkun verður á hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris frá fyrra ári. Aðrar eignir sjóðsins voru áður metnar á gangvirði og breytast matsaðferðir á þeim eignum því ekki við þessa breytingu. Nánari grein er gerð fyrir breytingunum í skýringum sem fylgja viðkomandi eignaflokki. Kennitölur hafa verið endurreiknaðar aftur í tímann mv. nýjar reikningsskilaaðferðir eins og mögulegt er. Hér fyrir neðan má sjá hver hrein raunávöxtun sjóðsins var á hverju ári sl. fimm ár og hver breyting á hreinni eign og hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var á verðlagi hvers árs, annars vegar miðað við eldri aðferð og hins vegar miðað við nýja aðferð.

	2016	2015	2014	2013	2012
Hrein raunávöxtun m.v. eldri reglur.....	0,6%	6,7%	4,2%	4,4%	5,3%
Hrein raunávöxtun m.v. nýjar reglur.....	0,1%	8,8%	3,3%	2,7%	*
Breyting á hreinni eign m.v. eldri reglur.....	529.436	965.480	613.475	736.411	779.025
Breyting á hreinni eign m.v. nýjar reglur.....	486.187	1.156.709	545.910	624.459	*
Hrein eign til greiðslu lífeyris - eldri reglur.....	9.863.307	9.333.873	8.368.391	7.754.917	7.018.506
Hrein eign til greiðslu lífeyris - nýjar reglur.....	10.115.459	9.629.273	8.472.562	7.926.653	7.302.194

* Upplýsingar liggja ekki fyrir vegna markaðsvirðis skuldabréfa í upphafi árs 2012.

1.3 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

1.4 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því ári sem þær eiga sér stað.

1.5 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa kröfu á sjóðinn. Ógreidd iðgjöld í lok uppgjörsársins eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er fært undir liðinn sérstök aukaframlög.

1.6 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Auk þess fellur hér undir beinn kostnaður vegna örorkulífeyrisúrskurða og gjalds til starfsendurhæfingarsjóðs.

1.7 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádrögnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

SKÝRINGAR

1.7 Hreinar fjárfestingartekjur, frh.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 4.5 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknunir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð, ef við á, varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

c) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færðar þóknunir til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins í samræmi við rekstrarsamning þar um. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi.

1.8 Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins, annar en þóknunir til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins sem færður er meðal fjárfestingargjalda. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

1.9 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og fjárfestingu í íbúðarhúsnæði.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok árs, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 6.5. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem metin eru á gangvirði og útlán. Í skýringu nr. 6.4 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa á reikningsskiladegi.

e) Bundnar bankainnstæður

Undir bundnar bankainnstæður eru þau innlán sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

SKÝRINGAR

1.10 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og fært í afskriftarreikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Varúðarniðurfærslan er færð til lækkunar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

1.11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádragnum afskriftum. Varanlegir rekstrarfjármunir samanstanda af skrifstofuáhöldum og tölvubúnaði. Afskriftir skrifstofuáhalda og tölvubúnaðar eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði.

Skrifstofuáhöld.....	10%
Tölvubúnaður.....	20%

1.12 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

1.13 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

1.14 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands og gengi í lok árs var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi		Lokagengi	
		2016	2015	31.12.2016	31.12.2015
Evra.....	EUR	133,22	145,89	118,80	140,93
Bandaríkjadóllar.....	USD	120,39	131,53	112,55	129,28
Dönsk króna.....	DKK	17,89	19,56	15,98	18,88
Breskt pund.....	GBP	163,41	201,09	138,57	191,59

1.15 Áhættustjórnun

Lífeyrissjóður Rangæinga hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Engir framvirkir gjaldeyrisriskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum. Nánari grein er gerð fyrir áhættustýringu sjóðsins í skýringu nr. 10.

SKÝRINGAR

2. IÐGJÖLD

2.1 Sérstök aukaframlög

	2016	2015
Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði	24.468	22.096
	<u>24.468</u>	<u>22.096</u>

3. LÍFEYRIR

3.1 Lífeyrir greinist þannig:

	2016	2015
Ellilífeyrir	185.329	167.505
Örorkulífeyrir	49.111	50.906
Makalífeyrir	6.860	6.747
Barnalífeyrir	2.715	2.449
	<u>244.015</u>	<u>227.607</u>
Uppgjör samkvæmt örorkusamkomulagi lífeyrissjóða	4.071	1.892
	<u>248.086</u>	<u>229.499</u>

3.2 VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

	2016	2015
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	4.199	4.279

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur greiddu til starfsendurhæfingarsjóðs 0,10% af iðgjaldsstofni vegna ársins 2016. Gjaldið lækkaði frá og með 1. janúar 2016 úr 0,13% af iðgjaldsstofni.

3.3 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

	2016	2015
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats	1.291	1.356

3.4 Tryggingakostnaður

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem Íslenski lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasjóður FÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli í desember 2006 um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða. Vegna þessa hefur sjóðurinn gjaldfært/tekjufært hjá sér á árinu 2016.

	2016	2015
Gjaldfært vegna örorkusamkomulags lífeyrissjóða	4.071	1.892

4. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

4.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum geinast þannig:

	2016	2015
Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	(11.495)	437.707
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	(73.314)	(25.426)
Arður af hlutabréfum	21.688	15.497
	<u>(63.121)</u>	<u>427.778</u>

SKÝRINGAR

4.2 Hreinar tekjur (gjöld) af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðaðar niður á 20 stærstu fjárfestingar:

Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum skipt niður á 20 stærstu fjárfestingar í stærðarröð. Miðað er við meðalstöðu eigna í upphafi og lok uppgjörsársins.

	2016	2015
ÍS 15	(92.415)	283.009
Ríkisverðbréfasjóður - Langur	26.576	46.283
ÍV - Alþjóðlegur hlutabréfasjóður	(22.142)	(6.648)
Stefnir - Lausafjársgjóður II	9.080	4.800
Reitir fasteignafélag hf	13.477	37.408
KMS - Global Equity EUR	7.551	21.246
SSgA World IDX EQ-I -USD	19.924	313
FSÍ Framtakssjóður Íslands slhf.	0	0
JPMF Euro Liquidity Fund	(334)	(47)
Icelandair Group hf	(33.210)	12.864
JPMorgan Liquidity Funds	211	0
Marel hf.	(1.715)	608
BRIK sjóðurinn	(1.543)	1.037
BankNordik P/F	3.519	1.534
Landsbanki Global Equity Fund	(4.613)	950
JPMorgan F Liq. Funds - USD Treasury Liq. Fund	2	(5)
Vátryggingafélag Íslands hf.	1.121	(134)
Veðskuld II slhf	2.116	0
Ríkisverðbréfasjóður - millilangur	1.337	2.137
Wellington Global Equity Research A	492	225
Önnur félög og sjóðir	59.071	32.127
	<u>(11.495)</u>	<u>437.707</u>

4.3 Hreinar tekjur af skuldabréfum greinast þannig:

Öll skuldabréf sjóðsins eru metin á gangvirði.

	Gangvirðis- munur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2016	Samtals 2015
Skuldabréf með ríkisábyrgð	210.213	(6.796)	0	203.417	419.284
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana	51.466	0	0	51.466	22.703
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	25.875	0	0	25.875	38.367
Önnur verðbréf	28.236	(25.261)	0	2.975	40.093
	<u>315.790</u>	<u>(32.057)</u>	<u>0</u>	<u>283.733</u>	<u>520.447</u>

4.4 Breyting á niðurfærslu greinist þannig:

Engin breyting er á varúðarniðurfærslu og endanlegum afskriftum í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris vegna ársins 2016. Sama á við um samanburðarárið 2015.

Aðferð við útreikning niðurfærslu verðbréfaeignar tekur mið af sértækri niðurfærslu eigna með tapsáhættu.

4.5 Fjárfestingargjöld greinast þannig:

	2016	2015
Vörslubókun	2.604	2.593
Umsýslubókun	30.219	28.012
Miðlunarbóknanir	545	555
Annar kostnaður	482	137
	<u>33.850</u>	<u>31.297</u>

4.6 Þóknun til rekstraraðila

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins á árinu 2016 nam 42,9 milljónum kr. og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýsluþóknun nam 40,3 milljónum kr. eða 0,41% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins og vörsluþóknun 2,6 milljónum kr. Umsýsluþóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 30,2 milljónir kr. og meðal rekstrarkostnaðar 10,1 milljónir kr. Vörsluþóknunin er að fullu gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi. Önnur fjárfestingargjöld voru 3,7 milljónir kr. og fjárfestingargjöld alls 33,9 milljónir kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins var 16,3 milljónir kr. og rekstrarkostnaður alls 26,4 milljónir kr.

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins á árinu 2015 nam 39,9 milljónum kr. og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýsluþóknun nam 37,3 milljónum kr. eða 0,42% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins og vörsluþóknun 2,6 milljónum kr. Umsýsluþóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 28,0 milljónir kr. og meðal rekstrarkostnaðar 9,3 milljónir kr. Vörsluþóknunin er að fullu gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi. Önnur fjárfestingargjöld voru 3,3 milljónir kr. og fjárfestingargjöld alls 31,3 milljónir kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins var 16,4 milljónir kr. og rekstrarkostnaður alls 25,7 milljónir kr.

4.7 Áætluð umsýsluþóknun sjóða sem Lífeyrissjóður Rangæinga hefur fjárfest í

	2016	2015
Meðalstaða eigna í innlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum	1.751.288	1.952.899
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun innlendra verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestasjóða	18.286	20.283
Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóðsins	0,18%	0,21%
Meðalstaða eigna í erlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum	733.624	333.586
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun erlendra verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestasjóða	6.598	2.660
Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóðsins	0,07%	0,03%

Við mat á áætluðum kostnaði sjóða sem fjárfest hefur verið í á árinu 2016 er tekið tillit til umsýslukostnaðar hjá annars vegar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum og hins vegar hjá fagfjárfestasjóðum sem eru á lista frá Fjármálaeftirlitinu dags. 24. janúar 2017. Áætlaður kostnaður sjóðanna er umsýsluþóknun þeirra að teknu tilliti til afsláttar. Umsýslukostnaður sjóðanna er innifalinn í hreinum tekjum af eignarhlutum í félögum og sjóðum meðal hreinna fjárfestingartekna og afslátturinn sem lífeyrissjóðurinn fær er tekjufærður undir sama lið. Einnig er ávöxtun sem fyrr birt að frádregnum þessum kostnaði. Við mat á hlutdeild lífeyrissjóðsins í kostnaði er miðað við meðalstöðu ársins í viðkomandi sjóði. Meðalstaðan er reiknuð miðað við eign lífeyrissjóðsins í lok hvers ársfjórðungs.

SKÝRINGAR

5. REKSTRARKOSTNAÐUR

5.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2016	2015
Laun og launatengd gjöld	6.067	5.929
Kostnaður vegna tryggingastærðfræðings	2.959	3.956
Lögfræðikostnaður	101	343
Endurskoðun	2.211	1.358
Eftirlitsgjald FME og gjald til umboðsmanns skuldara	2.562	2.371
Húsnæðiskostnaður	60	73
Umsýsluþóknun til Arion banka hf.	10.073	9.337
Annar rekstrarkostnaður	2.376	2.374
	<u>26.409</u>	<u>25.741</u>

5.2 Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

	2016	2015
Árni Þorgilsson	287	258
Eydís Þorbjörg Indriðadóttir	1.199	922
Guðmundur Einarsson	288	299
Guðrún Elín Pálsdóttir	1.005	780
Heimir Hafsteinsson	525	413
Már Guðnason	535	715
Óskar Pálsson	1.287	1.365
Sigurður Sigurðsson	187	206
Drífa Hjartadóttir	0	69
Ólafía B Ásbjörnsdóttir	0	65
Pétur Magnússon	0	65
	<u>5.313</u>	<u>5.157</u>

5.3 Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig (með vsk.):

	2016	2015
Endurskoðun og önnur staðfestingarvinna	1.653	1.358
Önnur þjónusta	558	0
	<u>2.211</u>	<u>1.358</u>

5.4 Þóknanir til tryggingastærðfræðings greinast þannig (með vsk.):

	2016	2015
Útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu	992	1.314
Önnur þjónusta	3.224	3.916
	<u>4.216</u>	<u>5.230</u>

Innri úttekt á sjóðnum var framkvæmd af innri endurskoðun Arion banka hf., þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Arion banka hf. samkvæmt samningi.

SKÝRINGAR

6. FJÁRFESTINGAR

6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig:

	31.12.2016			31.12.2015		
	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð
Skráð innlend hlutabréf						
Marel hf.	40.338	0,02%	41.453	38.532	0,02%	37.924
Skeljungur hf.	20.212	0,14%	20.600	0	0,00%	0
Tryggingamiðstöðin hf.	6.762	0,03%	5.238	5.677	0,03%	5.238
Vátryggingafélag Íslands hf.	36.135	0,17%	33.852	25.546	0,12%	24.467
Icelandair Group hf.	62.370	0,05%	80.099	95.581	0,05%	80.099
Iceland Seafood International hf.	7.853	0,12%	8.532	0	0,00%	0
Skipti hf.	5.025	0,02%	4.554	5.811	0,02%	4.554
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	17.034	0,07%	13.950	14.388	0,07%	13.950
Reitir fasteignafélag hf.	130.091	0,19%	76.998	99.954	0,16%	60.338
	<u>325.820</u>		<u>285.276</u>	<u>285.489</u>		<u>226.570</u>
Óskráð innlend hlutabréf						
Eignarh.fél Lífeyrissj.						
um verðbréfabíng ehf.	18	0,24%	18	18	0,24%	18
Stoðir hf.	3.920	0,02%	2.977	5.226	0,02%	2.977
FSÍ Framtakssjóður Íslands GP ehf.	42	0,59%	42	42	0,59%	42
Veðskuld II slhf.	40.381	0,43%	38.264	21.258	0,43%	21.258
IEI slhf.	35	0,58%	41	39.521	0,58%	46.268
HSV eignarhaldsfélag slhf.	22.015	0,79%	24.272	21.723	0,60%	25.000
SF VI slhf.	24.157	0,43%	27.106	22.489	0,45%	22.518
Bakkastakur slhf.	12.965	0,49%	12.965	12.965	0,49%	12.965
Innviðir fjárfestingar slhf.	2.500	0,98%	2.500	2.500	0,98%	2.500
SÍA III slhf.	1.060	0,39%	1.557	0	0,00%	0
Horn III slhf.	20.000	0,50%	20.000	0	0,00%	0
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður slhf. ...	11.747	0,46%	11.747	0	0,00%	0
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	7.500	2,75%	7.500	7.500	2,75%	7.500
Reiknistofa lífeyrissjóða	1.332	0,65%	718	1.332	0,65%	718
Suðurlandsvegur 1-3 hf.	56.338	10,23%	51.766	25.877	37,13%	25.877
Glitnir HoldCo ehf. A-hlutir.	1	0,00%	1	1	0,00%	1
	<u>204.010</u>		<u>201.473</u>	<u>160.452</u>		<u>167.642</u>
Skráð erlend hlutabréf						
BankNordik P/F.	33.798	0,16%	37.561	35.378	0,16%	37.561
Hlutabréf samtals	<u>563.628</u>		<u>524.310</u>	<u>481.319</u>		<u>431.773</u>

SKÝRINGAR

6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig, frh.:

	31.12.2016			31.12.2015		
	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð
Innlend hlutdeildarskírteini						
Stefnir Íslenski Athafnasjóðurinn I	307	0,31%	272	200	0,31%	272
FSÍ Framtakssjóður Íslands slhf.	51.449	0,58%	54.902	119.306	0,59%	122.759
ALDA Equity Opportunity Fund	11.224	0,49%	8.000	12.900	0,43%	8.000
ST1	40.618	2,09%	40.000	0	0,00%	0
Alþjóða Fasteignasjóðurinn	19.275	0,88%	31.523	22.763	0,88%	31.523
Ríkisverðbréfasjóður - millilangur	28.660	0,17%	24.089	27.323	0,15%	24.089
Ríkisverðbréfasjóður - Langur	539.977	4,09%	446.003	513.402	3,42%	446.003
ÍS 15	786.925	1,94%	533.473	804.541	1,70%	458.673
Landsbanki Global Equity Fund	29.963	1,18%	27.449	34.576	1,08%	27.449
Stefnir - Lausafjársgjóður II	231.763	0,55%	229.395	102.988	0,41%	94.666
Landsbréf - LEQ verðbréfasjóður	5.516	0,18%	5.667	12.413	0,67%	7.684
ÍV - Alþjóðlegur hlutabréfasjóður	188.984	9,11%	168.930	211.126	9,13%	168.930
BRÍK sjóðurinn	35.618	17,21%	29.218	37.161	17,37%	29.218
VIB, Sjodur 1	473	0,83%	164	2.776	0,80%	939
Íslandsbréf	0	0,00%	0	492	0,38%	140
ÍV Skuldabréfasjóður (áður SPRON)	0	0,00%	0	850	1,34%	5.650
ÍV Peningamarkaðssj. (áður SPRON)	0	0,00%	0	333	0,80%	1.793
	<u>1.970.752</u>		<u>1.599.085</u>	<u>1.903.150</u>		<u>1.427.788</u>
Erlend hlutdeildarskírteini						
Artemis MASTER SPV - USD Shares	23	0,07%	566	38	0,07%	566
Katla Fund Global Value	15.852	0,15%	13.366	16.795	0,19%	13.366
Wellington Global Equity Research A	37.901	0,13%	39.098	15.526	0,04%	14.888
KMS - Global Equity EUR	109.044	0,88%	87.491	120.244	1,04%	87.491
JPMF Euro Liquidity Fund	104.331	0,01%	121.496	62.146	0,00%	64.822
JPMorgan Sterling Gilt Liquidity Fund A ...	18.335	0,05%	18.679	62.490	0,00%	63.472
Stryx World Growth USD I	14.546	0,04%	15.618	7.264	0,03%	7.599
SSgA World IDX EQ-I -USD	135.614	0,04%	135.248	38.672	0,01%	38.977
JPMorgan Liquidity Fuinds	116.365	0,00%	118.277	0	0,00%	0
	<u>552.011</u>		<u>549.839</u>	<u>323.175</u>		<u>291.181</u>
Hlutdeildarskírteini samtals	<u>2.522.763</u>		<u>2.148.924</u>	<u>2.226.325</u>		<u>1.718.969</u>
Eignarhlutir og sjóðir samtals	<u>3.086.391</u>		<u>2.673.234</u>	<u>2.707.644</u>		<u>2.150.742</u>

SKÝRINGAR

6.2 Skuldabréf á gangvirði greinast þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Skuldabréf með ríkisábyrgð	4.316.817	4.569.884
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana	1.086.193	447.816
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	351.452	362.269
Önnur verðbréf	533.946	432.155
	<u>6.288.408</u>	<u>5.812.124</u>

6.3 Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig niður á gjaldmiðla:	31.12.2016	31.12.2015
ISK	8.827.237	8.192.292
EUR	248.503	221.949
USD	492.249	337.071
DKK	33.798	35.378
GBP	28.423	0
	<u>9.630.210</u>	<u>8.786.690</u>

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:

	31.12.2016	31.12.2015
Eignir í íslenskum krónum	91,66%	93,24%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	8,34%	6,76%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

6.4 Fjárfestingar greinast þannig eftir matsaðferðum:

Fjárfestingar í árslok 2016	Gangvirði	Kostnaðar- verð	Samtals 31.12.2016	Gangvirði 31.12.2016
	Eignarhlutir í félögum og sjóðum	3.034.942	51.449	3.086.391
Skuldabréf	6.288.408	0	6.288.408	6.288.408
Bundnar bankainnstæður	255.411	0	255.411	255.411
	<u>9.578.761</u>	<u>51.449</u>	<u>9.630.210</u>	<u>9.727.706</u>

Fjárfestingar í árslok 2015	Gangvirði	Kostnaðar- verð	Samtals 31.12.2015	Gangvirði 31.12.2015
	Eignarhlutir í félögum og sjóðum	2.588.338	119.306	2.707.644
Skuldabréf	5.812.124	0	5.812.124	5.812.124
Afleiður	30.068	0	30.068	30.068
Bundnar bankainnstæður	236.854	0	236.854	236.854
	<u>8.667.384</u>	<u>119.306</u>	<u>8.786.690</u>	<u>8.882.554</u>

6.5 Þrepaskipting gangvirðis

Lífeyrissjóður Rangæinga notar eftirfarandi þrepaskiptingu til að ákvarða og greina frá gangvirði fjárfestinga eftir matsaðferð:

1. þrep: Skráð verð á virkum markaði á sambærilegum eignum eða skuldum.
2. þrep: Virðismatsaðferð beitt þar sem allar mikilvægar breytur byggja á markaðsupplýsingum, ýmist beint eða óbeint.
3. þrep: Virðismatsaðferð beitt sem felur í sér mikilvægar breytur sem byggja ekki á markaðsupplýsingum.

Ársfjórðungslega er flokkunin yfirfarin til að meta hvort eignir sem reglulega eru metnar til gangvirðis hafi færst milli þrepa. Er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna.

Eignir sem færðar eru á gangvirði greinast þannig eftir þrepum:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals 31.12.2016
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	365.134	2.449.639	220.169	3.034.942
Skuldabréf	4.799.289	1.308.959	180.160	6.288.408
Bundnar bankainnstæður	255.411	0	0	255.411
	<u>5.419.834</u>	<u>3.758.598</u>	<u>400.329</u>	<u>9.578.761</u>

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals 31.12.2015
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	333.281	2.072.380	182.677	2.588.338
Skuldabréf	4.203.130	1.530.165	78.829	5.812.124
Afleiður	0	0	30.068	30.068
Bundnar bankainnstæður	236.854	0	0	236.854
	<u>4.773.265</u>	<u>3.602.545</u>	<u>291.574</u>	<u>8.667.384</u>

Breytingar á eignum í 3. þrepi, færðar á gangvirði.

	2016
Staða í ársbyrjun	291.574
Keypt á árinu	169.659
Selt á árinu og arðgreiðslur	(104.676)
Afborganir	(10.371)
Hrein gangvirðisbreyting	67.713
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	(13.570)
Staða í lok árs	<u>400.329</u>

SKÝRINGAR

7. KRÖFUR

7.1 Aðrar kröfur greinast þannig

Kröfur á launagreiðendur vegna óinnheimtra iðgjalda í árslok 2016 námu 61,0 milljónum kr. samkvæmt efnahagsreikning. Mat þeirra byggist á framkomnum skilagreinum vegna ársins 2016. Í árslok 2015 námu kröfur á launagreiðendur vegna óinnheimtra iðgjalda 49,9 milljónum kr.

Aðrar kröfur greinast þannig	31.12.2016	31.12.2015
Krafa vegna endurgreiddrar umsýsluþóknunar	5.931	6.141
Aðrar viðskiptakröfur	1.288	787
	<u>7.219</u>	<u>6.928</u>

8. ÝMSAR EIGNIR

8.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

Skrifstofuáhöld, tölvubúnaður og afskriftir greinast þannig

	Skrifstofu- áhöld	Tölvu- búnaður	Samtals 2016	Samtals 2015
Heildarverð 1.1.2016.....	1.456	468	1.924	1.924
Heildarverð 31.12.2016.....	1.456	468	1.924	1.924
Afskrifað áður.....	1.169	438	1.607	1.534
Afskrifað á árinu.....	60	0	60	73
Afskrifað samtals.....	1.229	438	1.667	1.607
Bókfært verð í árslok	227	30	257	317

9. ÖNNUR MÁL

9.1 Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam lífeyrisskuldbinding Lífeyrissjóðs Rangæinga 17.751,9 milljónum kr. í árslok 2016 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2016 var 17.018 milljónir kr. eða 733,9 milljónum lægri eða sem nemur -4,1%. Breyting á tryggingafræðilegri stöðu greinist þannig:

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar

	31.12.2016	31.12.2015
Eignir:		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í árslok	17.018.057	15.217.700
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í ársbyrjun	15.217.700	13.214.400
Hækkun endurmetinnar eignar á árinu	1.800.357	2.003.300
Skuldbindingar:	31.12.2016	31.12.2015
Skuldbindingar í árslok	17.751.945	15.499.600
Skuldbindingar í ársbyrjun	15.499.600	14.448.600
Hækkun skuldbindinga á árinu	2.252.345	1.051.000
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	(451.988)	952.300

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar

	2016	2015
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	8.764.000	8.144.400
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	496.900	453.200
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	514.100	434.600
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(260.700)	(240.600)
Hækkun/lækkun vegna nýrra lífslíknaflna	175.734	0
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	(29.048)	(27.600)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	9.660.986	8.764.000

Af hálfu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga hafa verið kynntar hugmyndir um að áætlun um lífslíkur fólks í framtíðinni verði grundvöllur við mat á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóða en ekki lífslíkur út frá reynslu í fortíðinni eins og hefur verið. Breyttar forsendur myndu hækka áfallnar skuldbindingar sjóðsins. Sem mótvægi við hækkun skuldbindinga hafa Landssamtök lífeyrissjóða kynnt hugmyndir um að ellilífeyristökualdur verði hækkaður um 2 mánuði á ári næstu 12 árin og 1 mánuð á ári næstu 12 ár þar á eftir. Þannig yrði ellilífeyristökualdur hækkaður í litlum skrefum um þrjú ár næstu 24 árin. Markmið þessara mótvægisáðgerða væri fyrst og fremst að draga úr hækkun skuldbindinga vegna hækkanði meðalævi. Talið er eðlilegt að samfara hækkun á meðalævi hækki ellilífeyristökualdur þannig að greiðslutími ellilífeyris verði svipaður að lengd hjá öllum árgöngum.

9.2 Örorkubótasamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem Íslenski lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasjóður FÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli í desember 2006 um skiptingu örorkuáhattu lífeyrissjóða. Skuldbinding sjóðsins vegna þessa er 3,767 þús. kr. í árslok 2015.

	2016
Örorkubótasamkomulag vegna 2016 - Áætlað	(4.071)
Örorkubótasamkomulag vegna 2015 - Áætlað	2.055
Örorkubótasamkomulag vegna 2014	(1.751)
	<u>(3.767)</u>

9.3 Eignarhlutur í Framtakssjóði Íslands slhf. (FSÍ)

Eign Lífeyrissjóðs Rangæinga í Framtakssjóði Íslands slhf. er færð á kostnaðarverði og er hún metin á 51,5 milljónir kr. í eignasafni sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá Framtakssjóði Íslands slhf. þá er bókfært virði eignarhluta félagsins um 13,9 milljarðar kr. Jafnframt kemur fram að áætlað gangvirði sömu eignarhluta sé um 25,5 milljarðar kr. Ef tekið er mið af áætluðu gangvirði félagsins má ætla að endurmetin eign Lífeyrissjóðs Rangæinga í Framtakssjóði Íslands slhf. nemi rúmlega 148,9 milljónum kr. í árslok 2016.

Í lok árs 2015 var eign Lífeyrissjóðs Rangæinga í Framtakssjóði Íslands slhf. metin á 119,3 milljónir kr. í eignasafni sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá Framtakssjóði Íslands slhf. var bókfært virði eignarhluta félagsins um 20,5 milljarðar kr. Jafnframt kom þá fram að áætlað gangvirði sömu eignarhluta hafi verið um 36,8 milljarðar kr. Ef tekið er mið af áætluðu gangvirði félagsins má ætla að endurmetin eign Lífeyrissjóðs Rangæinga í Framtakssjóði Íslands slhf. hafi numið rúmlega 215,2 milljónum kr. í árslok 2015.

9.4 Verkalýðshúsið og Suðurlandsvegur 1-3 hf.

Í lok árs 2015 var eignarhlutur Lífeyrissjóðs Rangæinga í Verkalýðshúsinu ehf. að nafnvirði 51,8 milljónir kr. Virðið hefur verið niðurfært um 50% frá árinu 2011. Bókfært virði hlutabréfa í Verkalýðshúsinu ehf. var því 25,9 milljónir kr. í árslok 2015. Í ársbyrjun 2016 var samþykktur samruni félaganna Verkalýðshússins ehf. og Suðurlandsvegur 1-3 ehf. Í mars mánuði 2016 barst loka staðfesting á þessum samruna og Verkalýðshúsið ehf. var formlega lagt niður. Við samrunann eignast Lífeyrissjóður Rangæinga beinan eignarhlut í Suðurlandsvegi 1-3 ehf. Félagaförminu var síðar breytt í hlutafélag og verður Suðurlandsvegur 1-3 hf. Frá mars 2016 á Lífeyrissjóður Rangæinga 11,51% eignarhlut í Suðurlandsvegi 1-3 hf.

Í lok árs 2016 var samþykkt hlutafjárúkning í félaginu Suðurlandsvegi 1-3 hf. Alls var hlutafé aukið um kr. 100.746.687. Hlutur Lífeyrissjóðs Rangæinga í hlutafjárúkningu þessari nam 4.571.912 kr. Í árslok 2016 var því eignarhlutur Lífeyrissjóðs Rangæinga í félaginu Suðurlandsvegur 1-3 hf. að nafnvirði 56,3 milljónir kr. eða 10,2%.

9.5 Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	31.12.2016	31.12.2015
Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok	240.000	104.137
Heildarfjárfestingar	(74.068)	(34.873)
Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum	<u>165.932</u>	<u>69.264</u>

10. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING

10.1 Áhættustýring

Áhætta í starfsemi lífeyrissjóðsins er skilgreind sem öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar því að lífeyrisréttindi sjóðfélaga skerðist. Áhætta nær til atvika sem lúta að eignum, skuldbindingum og daglegum rekstri sjóðsins. Hlutverk stjórnar lífeyrissjóðsins er meðal annars að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Í samræmi við það hlutverk hefur stjórn sjóðsins mótað áhættustefnu sem byggir á leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2013 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða.

Í áhættustefnunni er greint frá skipulagi og ábyrgð er varðar heildar áhættustýringu sjóðsins. Áhættustefnunni er ætlað að skapa grundvöll fyrir virkri upplýsingagjöf til stjórnar og stuðla að því að stjórn og starfsmenn sem annast rekstur sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk. Áhættustefna er sett til þriggja ára í senn og helst í hendur við fjárfestingarstefnu þar sem stjórn hefur sett takmarkanir á áhættutöku. Stjórn hefur falið framkvæmdastjóra að framfylgja stefnunni.

Hér verður greint frá helstu áhættuþáttum sem felast í starfsemi sjóðsins.

10.2 Fjárhagsleg áhætta

Fjárhagsleg áhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á verði fjármálagerninga, svo sem vegna breytinga á ávöxtunarkröfu skuldabréfa eða gengi hlutabréfa og erlendra gjaldmiðla. Fjárhagsleg áhætta er sundurgreind í vaxta-, markaðs-, gjaldmiðla- og verðbólguáhættu.

a) Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna hækkunar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa. Hækkun ávöxtunarkröfu gæti því skapað misvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins þar sem lífeyrisskuldbindingar hans eru gerðar upp miðað við fasta ávöxtunarkröfu. Áhættan er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar hækkunar ávöxtunarkröfu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir vaxtaáhættu með því að breyta meðallíftíma skuldabréfasafns sjóðsins – en meðallíftími er mælikvarði á næmni skuldabréfa fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu – og með því að breyta vægi skuldabréfasafnsins af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um meðallíftíma skuldabréfasafns og takmarkanir á vægi eignaflokka, þar með talið skuldabréfa. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á vaxtaáhættu og árangri við hlítinu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

a) Vaxtaáhætta, frh.

Álagspróf	31.12.2016	31.12.2015
100 pt hækkun verðtryggðra vaxta	-4,93%	-4,82%
200 pt hækkun óverðtryggðra vaxta	-0,25%	-0,42%

b) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna lækkunar á hlutabréfum, þar með talið hlutabréfaeign í gegnum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Áhættan er mæld með álagsprófum sem segja til um áhrif fyrirfram skilgreindrar lækkunar hlutabréfa á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir markaðsáhættu með því að breyta vægi hlutabréfa af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem takmarkanir eru settar á vægi eignaflokka, þar með talið hlutabréfa og sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á markaðsáhættu og árangri við hlítinu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2016	31.12.2015
30% lækkun innlendra hlutabréfa	-3,81%	-3,99%
20% lækkun erlendra hlutabréfa	-1,27%	-1,09%

c) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á því að styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum rýri verðmæti erlendra eigna mælt í íslenskum krónum. Styrking krónunnar gæti því skapað misvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins þar sem lífeyrisskuldbindingar hans eru í íslenskum krónum. Gjaldmeyrisáhætta sjóðsins er mæld með eins mánaðar fé í húfi miðað við 99,5% öryggisbil. Mælikvarðinn segir til um hversu mikið getur tapast á einum mánuði vegna gjaldmiðlahreyfinga, þannig að einungis 0,5% líkur eru á að tapið verð meira. Sjóðurinn stýrir áhættunni með því að breyta hlutfalli erlendra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram koma takmarkanir á vægi eigna í erlendum gjaldmiðlum. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á gjaldmiðlaáhættu og árangri við hlítinu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Áhættumælikvarði	31.12.2016	31.12.2015
1 mán. fé í húfi m.v. 99,5% öryggisbil	-0,43%	-0,24%

d) Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er hættan á því að verðbólga valdi misvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins. Slíkt misvægi getur myndast þar sem lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar en eignir einungis að hluta. Verðbólguáhætta sjóðsins er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar verðbólgu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir verðbólguáhættu með því að breyta vægi verðtryggðra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns sjóðsins. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á verðbólguáhættu með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2016	31.12.2015
10% hækkun vísitölu neysluverðs	5,96%	5,70%

10.3 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á því að útgefandi fjármálagernings standi ekki við skuldbindingar sínar. Áhættan ræðst bæði af líkum á greiðslufalli og áætluðum endurheimtum ef til greiðslufalls kemur. Mótaðilaáhætta er mæld með því að sundurgreina verðbréf sjóðsins með föstum tekjum eftir tegund útgefenda. Sjóðurinn stýrir útlánaáhættu með takmörkunum á vægi skuldabréfa eftir tegund útgefenda ásamt takmörkunum á vægi stakra útgefenda og tengdra aðila af heildareignum sjóðsins, sem tilgreind eru í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á mótaðilaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Tegund skuldabréfaútgefenda	31.12.2016	31.12.2015
Ríki	68,60%	78,20%
Fjármálafyrirtæki	17,30%	7,70%
þar af sértryggð skuldabréf	13,40%	4,20%
Sveitarfélög	5,60%	6,20%
Fyrirtæki	8,50%	7,90%

10.4 Lífeyrstryggingaráhætta

Lífeyristryggingaráhætta er hættan á því sjóðurinn þurfi að skerða réttindi sjóðfélaga sinna. Árlega skal stjórn sjóðsins láta fara fram athugun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997. Tryggingafræðileg athugun felur í sér samanburð á hreinni eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðar iðgjalda og núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga er sjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Hið sama gildir ef munur helst meiri en 5% samfellt í fimm ár. Áhættan er mæld með álagsprófi þar sem metin eru áhrif ýmissa sviðsmynda á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Sjóðurinn stýrir lífeyristryggingaráhættu með fjárfestingar- og áhættustefnu sem settar eru með það markmið að sjóðurinn nái markmiði sínu að geta staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á helstu áhættuþáttum sem geta haft áhrif á getu til að standa við skuldbindingar sínar með skýrslugjöf.

Tryggingafræðileg staða eftir álagspróf	31.12.2016	31.12.2015
Núvirðisvextir í tryggingafræðilegri úttekt lækkaðir um 0,5%	-13,48%	-11,16%
Líftöflur hliðrast um 2 ár	-9,53%	-7,45%
Örorkulíkur auknar um 10%	-5,56%	-3,32%
VNV hækkun ársins aukin um 0,5%	-4,21%	-1,92%
GVT lækkar um 10%	-4,60%	-2,20%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf lækka um 10%	-4,13%	-1,82%
Innlend/erlend markaðsskuldbréf lækka um 10%	-8,01%	-5,83%
Erlend hlutabréf lækka um 10%	-4,48%	-1,98%
Innlend hlutabréf lækka um 10%	-4,91%	-2,90%

10.5 Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hætta á því að sjóðurinn hafi ekki nægjanlegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla, t.d. lífeyrisgreiðslur, uppgjör verðbréfavíðskipta og greiðslur vegna reksturs á sjóðnum. Áhætta er mæld með því að flokka eignir sjóðsins eftir seljanleika. Greint er á milli þriggja flokka seljanleika: 1) eignir með víðskiptavakt eða regluleg víðskipti og sjóðir með innlausnarskyldu, 2) aðrar skráðar eignir og 3) óskráðar eignir og sjóðir án innlausnarskyldu. Sjóðurinn stýrir lausafjánhættu með því að greina vænt greiðslufæði og varðveita nægjanlegt fjármagn í auðseljanlegum eignum svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á lausafjánhættu með skýrslugjöf.

Seljanleikaflokkun	31.12.2016	31.12.2015
Flokkur 1.....	70,80%	76,10%
Flokkur 2.....	14,60%	1,00%
Flokkur 3.....	14,60%	10,90%

10.6 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hætta á tjóni sem rekja má til ófullnægjandi innri verkferla, starfsmanna, upplýsingatæknikerfa eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða. Sjóðurinn stýrir rekstraráhættu með virku innra eftirliti sem er hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Innra eftirlit samanstendur meðal annars af skjalfestum verkferlum, aðskilnaði starfa, ábyrgðum og heimildum starfsmanna ásamt öðrum innri reglum. Sjóðurinn framkvæmir árlega mat þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt, möguleg áhrif þeirra greind og virkni stýringa metin. Í framhaldinu er ákveðið hvort grípa eigi til aðgerða til þess að bæta stýringar áhættuþátta.

KENNITÖLUR

Fimm ára yfirlit

	2016	2015	2014	2013	2012
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	(4,13%)	(1,76%)	(8,23%)	(7,70%)	(6,20%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	(7,97%)	(3,71%)	(8,05%)	(6,18%)	(4,40%)

Hrein raunávöxtun

Hrein raunávöxtun.....	0,07%	8,76%	3,29%	2,66%	5,30%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðustu 5 ár *.....	3,97%	4,61%	4,71%	3,62%	0,42%
síðustu 10 ár *.....	1,75%	2,41%	2,10%	2,25%	2,64%

* Ávöxtunartölur hafa ekki verið endurreiknaðar vegna árána 2003-2012

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Skráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	28,66%	28,17%	23,93%	31,09%	33,45%
Skráð skuldabréf %.....	58,75%	57,24%	56,91%	50,58%	44,54%
Óskráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	3,39%	3,72%	5,52%	3,49%	3,51%
Óskráð skuldabréf %.....	6,55%	7,73%	10,68%	11,44%	13,27%
Afleiður.....	0,00%	0,35%	0,00%	0,00%	0,00%
Bundnar bankainnstæður.....	2,65%	2,79%	2,97%	3,39%	5,23%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,01%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Eignir í íslenskum krónum.....	91,66%	93,24%	93,49%	93,58%	94,79%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	8,34%	6,76%	6,51%	6,42%	5,21%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Fjöldi

Fjöldi sjóðfélaga í árslok.....	10.153	10.221	10.272	10.321	10.375
Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga	937	909	897	925	879
Meðalfjöldi lífeyrisþega.....	633	593	545	508	500
Fjöldi lífeyrisþega	735	696	626	585	592

Hlutfallsleg skipting lífeyris:

Ellilífeyrir.....	75,95%	73,59%	75,57%	74,73%	74,10%
Örorkulífeyrir.....	20,13%	22,37%	20,01%	20,41%	20,60%
Makalífeyrir.....	2,81%	2,96%	3,36%	3,37%	4,00%
Barnalífeyrir.....	1,11%	1,08%	1,07%	1,49%	1,30%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,01%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

KENNITÖLUR

	2016	2015	2014	2013	2012
Fjárhæðir á föstu verðlagi					
Iðgjöld alls.....	524	456	415	351	340
Lífeyrir alls.....	(250)	(240)	(216)	(193)	(183)
Hreinar fjárfestingartekjur.....	239	984	388	529	1.038
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	(26)	(26)	(24)	(31)	(37)
Aðrar tekjur.....	0	7	6	(1)	0
Hækkun/lækkun á hreinni eign	486	1.181	569	655	1.158
Aðrar kennitölur					
Lífeyrisbyrði.....	47,57%	52,6%	52,1%	54,9%	53,8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum.....	5,04%	5,8%	5,7%	8,8%	10,7%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna.....	2,40%	10,6%	4,5%	6,6%	14,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna.....	0,27%	0,3%	0,3%	0,4%	0,5%

FJÁRFESTINGARSTEFNA LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA 2017 - ÚTDRÁTTUR

FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að stjórn skuli móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Fjárfestingarstefnan er sett til þriggja ára en endurskoðuð að minnsta kosti árlega. Samkvæmt 37. gr. laganna skulu lífeyrissjóðir senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Eignir Lífeyrissjóðs Rangæinga skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 8. gr. samþykka sjóðsins og samkvæmt nánari reglugerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Lífeyrissjóður Rangæinga rekur einvörðungu samtryggingadeild, en séreignardeild var sameinuð Lífeyrisauka Arion banka hf. um áramótin 2005–2006.

FJÁRFESTINGARSTEFNA LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA

Skipting verðbréfaeignar Lífeyrissjóðs Rangæinga skal í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 1. Um nánari skiptingu hlutabréfa og annarra verðbréfa má sjá í töflum 2 og 3.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins.

FLOKKAR VERÐBRÉFA	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Innlán í bönkum og sparisjóðum	5%	0-15%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	50%	30-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5%	0-10%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	8%	0-20%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1%	0-10%
Hlutabréf	20%	0-35%
Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	5%	0-10%
Önnur verðbréf	6%	0-30%
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0-1%
Samtals:	100%	

Tafla 1. Flokkar verðbréfa.

	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Hlutabréf	20%	0-35%
Skráð innlend hlutabréf	9%	0-15%
Óskráð innlend hlutabréf	3%	0-10%
Erlend hlutabréf	8%	0-20%

Tafla 2. Hlutabréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu.

	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Önnur verðbréf	6%	0-30%
Skuldabréf fyrirtækja	3%	0-15%
Erlend skuldabréf	2%	0-20%
Annað	1%	0-15%

Tafla 3. Önnur verðbréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu.

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Lífeyrissjóður Rangæinga leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti í starfsemi sjóðsins en með góðum stjórnarháttum er stuðlað að góðum og vönduðum vinnubrögðum og tryggt að ákvarðanir séu teknar á faglegum grundvelli. Við móttun stjórnarháttanna hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins litið til og haft til hliðsjónar viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja, eftir því sem við getur átt.

Lífeyrissjóður Rangæinga er með starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu og starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóðs og starfsemi lífeyrissjóða og samþykkt sjóðsins. Auk framangreindra laga sem mynda rammann um alla starfsemi lífeyrissjóðsins gilda fjölmörg önnur lög, reglugerðir, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli um starfsemi lífeyrissjóðsins. Lög, reglugerðir, reglur og leiðbeinandi tilmæli sem varða starfsemi lífeyrissjóðsins er hægt að nálgast á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Hlutverk sjóðsins er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga, ávaxta fjármuni sjóðsins með sem bestum hætti með hliðsjón af fjárfestingarstefnu hans og að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í samþykktum sjóðsins kemur fram að ársfundur sjóðsins hafi æðsta vald í málefnum sjóðsins nema annað komi fram í samþykktum sjóðsins. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans og stjórn skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn mótar þannig fjárfestingarstefnu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluáðila séreignarsparnaðar.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétt. Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum samtaka launamanna og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara með atkvæði á ársfundi og öðrum fulltrúafundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykkt lífeyrissjóðsins. Samþykktir sjóðsins auk annarra upplýsinga er varða skipulag hans eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins, www.lifrang.is.

Arion banki annast daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins og bankinn gera þar að lútandi. Stjórn hefur sett sér starfsreglur. Í reglunum kemur fram að rekstraraðili sjóðsins tilnefni einn af starfsmönnum sínum til að hafa með höndum starf framkvæmdastjóra sjóðsins. Tilnefning framkvæmdastjóra er háð samþykki stjórnar sjóðsins og skal stjórn setja honum starfsreglur. Í starfsreglum framkvæmdastjóra koma fram reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Próstur Sigurðsson.

Stjórn sjóðsins hefur skilgreint skipulag innra eftirlits þar sem meginatriði innra eftirlits sjóðsins koma fram, sbr. 8. tl. 29. gr. laga nr. 129/1997. Innri endurskoðandi sjóðsins er Arion banki hf. og ytri endurskoðandi er Deloitte ehf.

Stjórn sjóðsins hefur mótað áhættustefnu í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Í áhættustefnu er fjallað um áhættuþætti í rekstri sjóðsins, s.s. markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu og mótaðilaáhættu. Áhættustýring Arion banka hf. gefur út áhættuskýrslur fyrir sjóðinn sem lagðar eru fyrir stjórn ársfjórðungslega. Markmiðið með skýrslunum er að stjórn og þeir sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu sjóðsins og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk. Jafnframt hefur Áhættustýring Arion banka hf. umsjón með framkvæmd rekstraráhættumats þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra kannaðir. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti. Í rekstraráhættumatinu er meðal annars litið til stafsmannaáhættu, hættu á sviksemi, orðsporsáhættu, upplýsingatækniáhættu og áhættu tengda verkferlum.

Stjórn sjóðsins samanstendur af fjórum stjórnarmönnum og fjórum varamönnum. Tveir stjórnarmenn og varamenn þeirra eru skipaðir af Samtökum atvinnulífsins. Tveir stjórnarmenn og varamenn eru kosnir af launþegum á ársfundi sjóðsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Aðalmenn í stjórn sjóðsins eru Eydís Þ. Indriáadóttir, Guðrún Elín Pálsdóttir, Heimir Hafsteinsson og Óskar Pálsson. Stjórn skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn. Hlutverk stjórnar er skilgreint í samþykktum og starfsreglum sem stjórn hefur sett sér og er að auki bundið í lögum. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd og eru nefndarmenn Óskar Pálsson, formaður, Guðmundur Einarsson og Árni Þorgilsson. Stjórn hefur sett nefndinni starfsreglur þar sem kemur m.a. fram markmið, heimildir, skipulag, fundarstörf, hlutverk og ábyrgð.

Stjórn framkvæmdi árangursmat vegna starfa á tímabilinu apríl 2015 til mars 2016 með aðstoð ráðgjafa þar sem m.a. var lagt mat á störf og verkefni stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra.

ÚTREIKNINGUR KENNITALNA

2016

Tryggingadeild

Fjárfestingartekjur nettó (þ.e. fjárfestingartekjur - fjárfestingargjöld)	F	237.636
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (þ.e. rekstrarkostnaður)	K	26.409
Hrein eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun	A	9.629.273
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	B	10.111.389

$$i = 2(F-K)/(A+B-(F-K))$$

i = nafnávöxtun =		2,16%
-------------------------	--	-------

Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2015		429,4
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2016		438,4
j = breyting á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar =		2,1%

$$r = ((1+i)/(1+j))-1$$

r = hrein raunávöxtun =		0,07%
-------------------------------	--	-------

Hrein raunávöxtun	2015	8,76%
Hrein raunávöxtun	2014	3,29%
Hrein raunávöxtun	2013	2,66%
Hrein raunávöxtun	2012	5,30%

Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar		3,97%
---	--	--------------

Hrein raunávöxtun	2011	3,20%
Hrein raunávöxtun	2010	9,30%
Hrein raunávöxtun	2009	-2,00%
Hrein raunávöxtun	2008	-12,25%
Hrein raunávöxtun	2007	1,00%

Tíu ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	2016	1,76%
--	------	--------------

